Málsnr.: R17060088
Skjalasafn Ráðhúss
12. júní 2017
Bréfalykill: 3540

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 9. júní 2017
SFS2016040113
8.0

Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

***Efni: Afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn***

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. júní 2017 voru lagðar fram tillögur um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn í skýrslu starfshóps, dags. í desember 2016 auk minnisblaðs sviðsstjóra, dags. 28. maí 2017, varðandi skýrslu starfshóps um uppbyggingu við Rauðavatn.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

> Meirihluti skóla- og frístundaráðs þakkar starfshópi um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn fyrir vandaða skýrslu og tillögur um hvernig megi útfæra tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um betri aðbúnað og nýtingu þessarar perlu í borgarlandinu sem býður upp á fjölbreytta notkun til útivistar fyrir alla fjölskylduna. Svæðið hefur líka uppá að bjóða einstaka náttúru jarðfræði og gróður sem nýtist vel til útikennslu og útináms. Skýrslan kallar á samstarf skóla- og frístundasviðs, íþrótta- og tómstundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs og er mikilvægt að tryggja markvissa eftirfylgni þessara aðila svo svæðið nýtist íbúunum sem skyldi í nánustu framtíð.

Framangreint er hér með upplýst.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundaráðs

Hjálagt:
Minnisblað sviðsstjóra, dags. 28. maí 2017
Skýrsla

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 28. maí 2017
SFS2016040113
120. fundur/fskj. 1/1
HG7sp

# MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

***Efni: Skýrsla starfshóps um uppbyggingu við Rauðavatn.***

Í febrúar 2016 fundaði Reykjavíkurráð ungmenna með borgarstjórn og ræddar voru ýmsar hugmyndir er varða útivist og afþreyingu og meðal annars var lögð fram tillaga um afþreyingarmiðstöð við Rauðavatn. Þessi tillaga var kynnt í skóla- og frístundaráði og íþrótta- og tómstundaráði og vísað til skoðunar hjá sviðsstjórum SFS og ÍTR sem skipuðu starfshóp til að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð/aðstöðu við Rauðavatn.

Í starfshópinn voru skipuð fulltrúar frá ÍTR, SFS, USK, Ungmennaráði Árbæjar/Grafarholts/Norðlingaholts, skátafélaginu Árbúar, íþróttafélaginu Fylki og þjónustumiðstöðinni í Árbæ. Formaður hópsins var fulltrúi SFS, Jóhannes Guðlaugsson.

Helstu verkefni hópsins voru að skoða hvernig hægt væri að skapa aðstöðu fyrir íbúa í nærliggjandi hverfum við Rauðavatn til að efla félagsauð og samveru í þessum borgarhluta. Leggja fram tillögur um hvernig hægt er að nýta aðstöðu og útivistarsvæðið við Rauðavatn fyrir skóla, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar og hvað úrbætur þyrfti að gera til að svo geti orðið. Einnig var starfshópnum falið að skoða samstarfsmöguleika aðila innan hverfis/borgarhluta til að aðstaða við Rauðavatn geti sem best nýst íbúum í borgarhlutanum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu til sviðsstjóra ÍTR og SFS í apríl s.l. og lögðu til að starfshópurinn myndi kynna skýrsluna í skóla- og frístundaráði, íþrótta- og tómstundaráði og umhverfis- og skipulagsráði fyrir sumarfrí og fylgja þannig tillögum skýrslunnar eftir.

## Gagnasöfnun og vinnulag starfshópsins

Eitt af verkefnum starfshópsins var að kalla til sérfræðinga til fundar við hópinn til að miðla af þekkingu sinni og reynslu og koma þannig með víðara sjónarhorn á viðfangsefnið sem er Rauðavatn og nýtingu á svæðinu í kring. Starfshópurinn kappkostaði að fá til samstarfs aðila sem talið var að gætu lagt eitthvað til verkefnisins og nýttu einnig svæðið til útivistar. Með fundunum gafst einnig tækifæri á samtali við þá aðila sem nýta svæðið sem best og fá þeirra framtíðarsýn á svæðið. Við fundarboðun var sá háttur hafður á að þeir aðilar sem voru boðnir á fundi með hópnum voru upplýstir um tildrög og markmið verkefnisins.

Gestir starfshópsins voru:

- Anna Lísa Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Hjörtur Bergstað formaður hestafélagsins Fáks

Opin íbúa fundur vegna uppbyggingar á útivistaaðstöðu við Rauðavatn var haldinn í byrjun janúar 2017 til þess að fá hugmyndir frá íbúum í nærliggjandi hverfum. Margar nýtar hugmyndir komu fram á fundinum sem hópurinn mun leggja fram sem tillögur að bættri aðstöðu íbúa að Rauðavatni.

## Vettvangsheimsóknir

Starfshópurinn fór í eina vettvangsathugun en það var söguganga um Rauðavatnssvæðið. Hópurinn gekk upp á Hádegisholt/hæð, út í Grafarsel og síðan að Rauðavatni og í kringum vatnið. Á þessari gönguleið sagði Anna Lísa frá Borgarsögusafni hópnum frá hvar helstu og skráðar minjar eru og hvar jörðin Gröf stóð og hvert hún teygði anga sína. Einnig sagði Anna Lísa hópnum frá fuglalífi svæðisins og frá tuttugu listaverkum sem eru staðsett við vatnið og upp á heiði

## Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn tekur undir megin hugmyndir ungmennaráðsins um að koma upp meiri afþreyingu/aðstöðu við Rauðavatn.
Eftirfarandi er úrvinnsla hópsins á þeim hugmyndum.

<u>Aðkomur</u>

Skilgreina þarf aðkomur á bíl á a.m.k. tveimur stöðum og þar sé komið upp bílastæðum. Ein aðkoma með bílastæðum verði við norðurenda. Skilgreina þarf aðkomur hjólandi og gangandi og ríðandi og merkja leiðir.
Koma fyrir upplýsingaskilti við aðkomur með korti þar sem fram koma helstu upplýsingar.

Stígakerfi og bílaumferð.

Aðskilja þarf göngu- og reiðstíga eins og reyndar gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Æskilegt væri að skilgreina hjólaleiðir um svæðið. Skilgreina reiðleiðir og merkja, einnig reiðleið yfir frosið vatnið. Koma skikki á bílaumferð, ekki síst á vatninu þegar það er frosið.

Æskilegt væri að raflýsa meginleið umhverfis vatnið.

Útivistaraðstaða við norðurenda.

Komið verði upp meira skipulagðri útivistaraðstöðu við norðurenda vatnsins. Þar er meginaðkoma að svæðinu á bíl og hægt að koma fyrir bílastæðum við jaðar svæðisins. Þarna er líka ein af megin aðkomum inn á svæðið fyrir gangandi og hjólandi.

Þarna þyrfti að vera þjónustuhús með salernisaðstöðu og gjarnan veitingasala (kannski árstíðabundin). Einnig mætti koma upp drykkjarfonti og kannski víðar. Þarna mætti líka þjóna ýmiss konar útivistarstarfsemi s.s. fá kort af svæðinu, leigja skauta, boccia kúlur, frisbí diska, kubb spil eða annað sem tengist útivist á svæðinu. Á svæðinu væri gerð góð grasflöt sem nýta má til uppákoma. Þarna gæti einnig verið ýmiss búnaður eins og æfingatæki , klifurveggur, hengirúm/róla eins og við Ægisíðuna og grillaðastaða/bálstæði. Gerð yrði bryggja eða pallur út í vatnið sem m.a. nýttist fyrir skautaiðkun á veturna.

Æskilegt væri að gera lága hljóðmön meðfram Suðurlandsveginum á móts við útivistarsvæðið.

Ofangreinda aðstöðu telur hópurinn að ætti að vera í umsjá borgarinnar svo sem frístundamiðstöðvar í hverfinu.

Hundaeigendur.

Skilgreina hvar megi sleppa hundum lausum og koma upp aðstöðu.

Fræðsla.

Koma upp fræðsluskiltum um lífríki og sögu svæðisins. Koma fyrir útsýnisskiltum t.d. góður staður austan við hús Morgunblaðsins. Skoða mætti a setja upplýsingar á vefsíðu og/eða app.

## Fundargerðir

Starfshópurinn hefur fundað reglulega frá því í lok október 2016 og fram í miðjan febrúar 2017. Auk þess fór starfshópurinn saman í sögugöngu um Rauðavatnssvæðið með Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem var til umræðu á hverjum fundi fyrir sig en starfshópurinn telur mikilvægt að skýrslan endurspegli þau skoðanaskipti og umræður sem áttu sér stað og eru undirstaðan að tillögum hópsins út frá tillögum Reykjavíkurráðs ungmenna.

**1. fundur**
Fulltrúi frá Reykjavíkurráði ungmenna kynnti hugmyndir að framtíðarsýn og uppbyggingu á Rauðavatnssvæðinu með tilliti til að svæðið yrði nýtt sem afþreyingarmiðstöð fyrir borgarbúa, íbúa í nærliggjandi hverfum og fyrir grunnskóla, frístunda- og félagsmiðstöðvar og leikskóla.
Ákveðið var á fyrsta fundi að gera þarfagreiningu og skoða svæðið, hvað væri í boði að framkvæma með tilliti til umhverfisins og náttúru svæðisins.

Í dag er svæðið nýtt af ólíkum hópum sem stunda útivist og starfshópurinn gerði sér strax grein fyrir því að koma þyrfti með tillögur sem þessir ólíku hópar gætu verið sáttir við.

Ákveðið var fyrir næsta fund að fá fræðslu frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og einnig var ákveðið hvaða sérfræðinga starfshópurinn vildi fá til ráðgjafa og samstarfs.

**2. fundur**
Starfshópurinn hitti Önnu Lísu Guðmundsdóttur verkefnastjóra fornminja frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og gekk hópurinn með henni um Rauðavatnssvæðið.




**3. fundur**

Rætt var um næstu skref í þeim verkefnum sem hópnum var falið. Allir komu með sínar hugmyndir um hvernig þeir vilja sjá svæðið nýtast betur og fyrir hvern. Einnig komu tillögur fram um að takmarka hávaða frá þjóðvegi og mengun. Allir eru sammála um að gera ekki miklar breytingar á svæðinu sem munu hafa áhrif á náttúru þess.

**4. fundur**

Þessi fundur var notaður fyrir formann starfshópsins og einnig starfsmann þess til að skoða hvort við værum á réttri leið og setja tímamörk á lokaskil. Ákveðið var að boða Skátafélagið Árbúa og formann Fáks á næsta fund með hópnum til að fá þeirra sýn á svæðið og nýtingu á því.

**5. fundur**

Gestur fundarins að þessu sinni var Hjörtur Bergstað formaður Fáks. Skátafélagið Árbúar boðuðu forföll. Hjörtur sagði frá því sem Fákur er að gera fyrir Rauðavatnssvæðið en Fákur hefur notað Rauðavatnssvæðið í fimmtíu ár og hefur einnig hirt svæðið í öll þessi ár. Fákur hefur sett tíu milljónir í að setja efni í reiðstígana síðustu ár og þrifið svæðið vestan megin. Hjörtur segir að um tvö þúsund börn séu í reiðskóla á sumrin og ríði um Rauðavatnssvæðið og mikið beri á því að lítið tillit sé tekið til ungra og óreyndra knapa. Hann bendir á að hestar og hjól/mótorhjól/fjórhjól/snjósleðar til dæmis eigi ekki saman og að allir þurfi að taka tillit til hvors annars. Hjörtur leggur áherslu á að allir sem nota svæðið hvað mest, skólar, Fákur og íbúar verði að eiga samtal oftar. Fákur nýtir Rauðavatnsskóg mikið og þá grillaðstöðu sem er þar fyrir en skógurinn er illa hirtur og þarf að huga að honum.

Fundarmenn voru sammála um það að ef ætti að fara í framkvæmdir á svæðinu og bæta við t.d. frístundahúsi þá þyrfti einhver að bera ábyrgð á svæðinu, kannski að Ársel beri ábyrgð og íbúar eða skólar geti leitað til þeirra með afnot.

Ákveðið var að halda íbúafund á nýju ári til að fá fleiri hugmyndir að uppbyggingu við Rauðavatn.

**6. fundur**

Á nýju ári var haldið áfram að vinna með tillögur ungmennaráðs um uppbyggingu við Rauðvatn. Fundurinn fór í að skipuleggja íbúafund sem verður haldinn þann 17.janúar 2017 en hann verður haldinn í félagsmiðstöðinni Ársel.

**7. fundur**

Íbúafundur var haldinn í félagsmiðstöðinni Ársel og íbúa gátu komið með hugmyndir að uppbyggingu við Rauðavatn. Stórt yfirlitskort af svæðinu var til staðar og gátu íbúar merkt inn tillögur sínar. Tillögur fundarins má sjá í viðhengi nr 4 á bls 13.

**8. fundur**
Formaður starfshópsins og starfsmaður hittust til þess að fara yfir íbúafundinn og þær tillögur sem íbúar skráðu á yfirlitskortið af Rauðavatnssvæðinu. Ákveðið var að skila tillögum hópsins til SFS og ÍTR í febrúarlok 2017.

**9. fundur**
Hópurinn hittist og fór yfir lokaskýrsluna. Tímanum var varið í að vinna að athugasemdum og betrum bæta hana.

## Lokaorð

Starfshópurinn tekur undir megin tillögur ungmennaráðsins um að auka útivistarafþreyingu við Rauðavatn og gera úrbætur á stígakerfi eins og lýst er nánar í skýrslunni. Þó telur hópurinn mikilvægast að bæta aðkomuna fyrir bíla og að koma upp húsnæði með salernisaðstöðu fyrir notendur svæðisins.

Lagt er til að skýrslan verði kynnt fagnefndum þ.e. íþrótta- og tómstundaráði, skóla- og frístundaráði og umhverfis- og skipulagsráði auk hverfisráða í Árbæ og Grafarholti.

Lagt er til við sviðsstjóra ÍTR og SFS að næstu skref vinnunnar yrðu að umhverfis- og skipulagssviði væri falið að setja af stað undirbúning að gerð útivistaraðstöðu og vinna að viðbótum og lagfæringum á stígakerfinu í samræmi við tillögur hópsins og í samráði við ÍTR og SFS. Hópurinn er tilbúinn að aðstoða við slíka vinnu. Uppbyggingu má síðan vinna í áföngum eftir efnum og ástæðum.

Viðhengi 1

## Erindisbréf starfshóps

**Heiti starfshóps:**
Starfshópur um uppbyggingu við Rauðavatn

**Ábyrgðarmaður:** Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS/Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR

**Hlutverk:** Að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð/aðstöðu við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum, sbr. tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna.

**Helstu verkefni:**

- Skoða hvernig hægt er að skapa aðstöðu fyrir íbúa í Árbæjarhverfi, Norðlingaholti og Grafarvogi við Rauðvatn til að efla félagaauð og samveru í þessum borgarhluta, sérstaklega í tengslum við útvist.

- Leggja fram tillögur um hvernig hægt er að nýta aðstöðu og útivistarsvæðið við Rauðavatn fyrir skóla, frístunda- og félagsmiðstöðvar og hvaða úrbætur þyrfti að gera til að svo geti orðið.

- Skoða samstarfsmöguleika aðila innan hverfis/borgarhluta til að aðstaða við Rauðavatn geti sem best nýst íbúum í borgarhlutanum.

**Fulltrúar í starfshópi:**
Fulltrúi ÍTR: Guðrún Arna Gylfadóttir
Fulltrúi USK: Þórólfur Jónsson (ath. Björn Ingi kallaður inn í samráð)
Fulltrúi Ungmennaráðs Árbæjar/Grafarholts/Norðlingaholts: Sindri?
Fulltrúi Skátafélagsins Árbúa:Valborg?
Fulltrúi íþróttafélagsins Fylkis: Árni Jónsson.
Fulltrúi Frístundamiðstöðvarinnar Ársels: Jóhannes Guðlaugsson
Fulltrúi þjónustumiðstöðvar í Árbæ, Grafarholt og Norðlingaholt: Arna Hrönn

**Formaður starfshóps:**
Jóhannes Guðlaugsson

**Starfsmaður:**
Frístundaráðgjafi þjónustumiðstöðvar í Árbæ, Grafarholt og Norðlingaholt: Arna Hrönn

**Ráðgjöf / samstarf:**
Starfsmenn borgarinnar og aðrir sem hópurinn telur þörf á.

**Starfstímabil:** September til desember 2016

**Lokaskil:** Tillögum og skýrslu skilað í desember 2016 til SFS, ÍTR og Reykjavíkurráðs ungmenna.

Viðhengi 2

**Opinn fundur um uppbyggingu útivistasvæðis við Rauðavatn.**

Þriðjudaginn 17. janúar verður opinn fundur um tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Grafarholts varðandi uppbyggingu útivistarsvæðis við Rauðavatn.

Fundurinn verður í frístundamiðstöðinni Árseli kl. 20:00.

Frummælandi tillögu ungmennaráðs, Sindri Smárason, mun segja frá tillögunni.

Markmiðið með fundinum er að skapa umræður um uppbygginguna á svæðinu auk þess að setja niður hugmyndir að skipulagi svæðisins.

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar var falið að vinna með tillögu ungmennaráðsins og mun taka saman hugmyndir og tillögur að uppbyggingu svæðisins.

**Dagskrá:**

Sindri Smárason, Ungmennaráðs Árbæjar og Grafarholts, segir frá tillögu sinni.

Jóhannes Guðlaugsson segir frá vinnu starfshóps um málefnið.

Framsaga aðila innan hverfis (Fulltrúi Fylkis, Fáks og Skáta)

Umræður á borðum og hugmyndavinna.

Fyrir hönd starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar

Jóhannes Guðlaugsson, formaður hópsins.

Viðhengi 3

8.2.2017

























1

## Viðhengi 4

Opin fundur vegna uppbyggingu á útivistaaðstöðu við Rauðavatn.

Fundur haldinn 17.janúar kl. 20:00 í Árseli

Sindri Smárason fulltrúi ungmennaráðs í hverfinu sagði frá tillögu sinni að uppbyggingu útivistaaðstöðu við Rauðavatn.

Arna Hrönn Aradóttir og Jóhannes Guðlaugsson sögðu frá vinnu hópsins.

Hjörtur, fyrir hönd hestamanna, sagði frá aðkomu og uppbyggingu hestamanna að svæðinu. Einnig sagði hann stutt frá því í sögulegu samhengi.

Umræður:

- Rætt var um mikilvægi þess að reiðleiðin væri sér og göngu og hjólastígar væru sér. Vísað var á og bent á starfandi „Stóra reiðvega nefndin".
- Mikilvægt að tengja betur Grafarholtið.
- Rætt um hvernig skerma eigi af þjóðvegin frá vatninu eða hvort það ætti að gera, skiptar skoðanir.
- Bent var á að vatnið hefði svokallað „hangandi vatnsborð". Skoða ætti möguleikann á að halda því stöðugu.
- Fákur skefur vatnið svo hægt væri að ríða á ísilögðu vatninu (reiðstíga), bent var á að hægt væri (og það hafi verið gert) að skafa fyrir skautasvelli.
- Austan við Moggahúsið er frábær möguleiki á útsýnisskífu.
- Lýsa þarf upp austurhluta stíganna við vatnið og jafnvel allann hringinn.
- Gera mætti bílagerði svo bílar komist ekki inn með vatninu nema þeir sem þurfa þess.
- Skoða mætti app, upplýsingaskylti um plöntur, fugla ofl. við vatnið.
- Skoða mætti að hafa hundagerði.
- Við útivistasvæðið þar sem komið er að vatninu mætti vera upplýsingaskífa um gerð stíga, lengd og stígar væru merktri í samræmi. Td: Göngustígar, hjólastígar, reiðstígar, hvar má ganga með hunda osfrv.

Fundi slitið 9:12

Viðhengi 5

# Yfirlitskort af Rauðavatnsvæðinu



Reykjavíkurborg
Íþrótta- og tómstundasvið

Reykjavík, 9. júní 2017
2016040012
5.0

Málsnr.: R17060088
Skjalasafn Ráðhúss
12. júní 2017
Bréfalykill: 3540

Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Á fundi íþrótta- og tómstundaráðs í dag var lögð fram skýrsla starfshóps um uppbyggingu við Rauðavatn.
Íþrótta- og tómstundaráð lagði fram eftirfarandi bókun um málið:

> Íþrótta og tómstundarráð þakkar starfshópi um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn fyrir vandaða skýrslu og tillögur um hvernig megi útfæra tillögu Reykjavíkurráðs ungmenna um betri aðbúnað og nýtingu þessarar perlu í borgarlandinu sem býður upp á fjölbreytta notkun til útivistar fyrir alla fjölskylduna. Svæðið hefur líka uppá að bjóða einstaka náttúru jarðfræði og gróður sem nýtist vel til útivistar. Skýrslan kallar á samstarf meðal sviða borgarinnar um framtíðarskipulag svæðisins og er mikilvægt að tryggja markvissa eftirfylgni þessara aðila svo svæðið nýtist íbúunum sem skyldi í nánustu framtíð. Mikilvægt er að taka ákvörðun um hönnun og verðmeta verkefnið til að hægt sé að keyra þetta ágæta mál áfram.

Borgarráði er hér með send skýrsla starfshópsins.

Ómar Einarsson.

ÍTR
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Sími 411 5000

*Tillögur um uppbyggingu útivistaraðstöðu við Rauðavatn*
*Skýrsla starfshóps*
*Desember 2016*



# Innihald

Inngangur ........ 3

Hlutverk og verkefni starfshóps ........ Error! Bookmark not defined.~~Villa! Bókamerki ekki skilgreint.~~4

Gagnasöfnun og vinnulag starfshópsins ........ 5

Vettvangsheimsóknir ........ 5

Tillögur starfshópsins ........ 5

Fundargerðir ........ 7

Lokaorð ........ 9

Viðhengi 1 ........ 10

Viðhengi 2 ........ 11

Viðhengi 3 ........ 12

Viðhengi 4 ........ 13

Viðhengi 5 ........ 14

## Inngangur

Í febrúar 2016 fundaði Reykjavíkurráð ungmenna með borgarstjórn og rædd voru átta tillögur sem snéru að hagsmunamálum ungmenna í borginni. Fulltrúi ungmenna í Árbæ og Holti, Sindri Smárason, mælti fyrir tillögu um útivistar- og afþreyingaraðstöðu við Rauðavatn. Tillögurnar átta voru samþykktar af borgarstjórn og fagráðum síðan falið að vinna nánar að þeim og koma þeim í ferli innan borgarinnar. Á vef Reykjavíkurborgar segir að markmið með starfsemi Reykjavíkurráðs ungmenna sé eftirfarandi:

> *Að skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim sem eru yngri en 18 ára kleift að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við og þjálfast í lýðræðislegum vinnubrögðum.*

Undanfarin tvö ár hefur Reykjavíkurráðið fjallað um málefni ungs fólks og tekið þátt í ýmsum verkefnum tengt því en Reykjavíkurráð ungmenna er samráðsvettvangur allra ungmennaráða sem starfa í borginni.

Sviðsstjóri skóla - og frístundasviðs, Helgi Grímsson og sviðsstjóri íþróttar og tómstundarsviðs Reykjavíkurborgar, Ómar Einarsson hafa út frá tillögu Sindra Smárasonar skipað sex fulltrúum borgarinnar með erindisbréfi sínu að koma með tillögur og útfærslur á helstu verkefnum sem getið er í áður nefndu erindisbréfi.

Hópurinn sannmæltis um á fyrsta fundi sínum að rýna frekar í útivistaraðstöðu á Rauðavatni og svæðið í kring frekar en að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð á svæðinu.



## Hlutverk og verkefni starfshóps

Í erindisbréfi starfshóps segir að hlutverk hans sé:

*Að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð/aðstöðu við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum, sbr. tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna.*

Helstu verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfi eru:

- Skoða hvernig hægt er að skapa aðstöðu fyrir íbúa í Árbæjarhverfi, Norðlingaholti og Grafarvogi við Rauðavatn til að efla félagsauð og samveru í þessum borgarhluta, sérstaklega í tengslum við útivist.

- Leggja fram tillögur um hvernig hægt er að nýta aðstöðu og útivistarsvæði við Rauðavatn fyrir skóla, frístunda- og félagsmiðstöðvar og hvaða úrbætur þyrfti að gera til að svo geti orðið.

- Skoða samstarfsmöguleika aðila innan hverfis/borgarhluta til að aðstaða við Rauðavatn geti sem best nýst íbúum í borgarhlutanum.

Fulltrúar í starfshópnum eru:

- Arna Hrönn Aradóttir verkefnastjóri og fulltrúi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts, starfsmaður hópsins.
- Árni Jónsson framkvæmdarstjóri Fylkis og fulltrúi íþróttafélagsins.
- Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðukona Árbæjarlaugar og fulltrúi ÍTR.
- Jóhannes Guðlaugsson framkvæmdarstjóri Ársels og fulltrúi frístundar, formaður starfshóps.
- Sindri Smárason nemi í Árbæjarskóla og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna.
- Þórólfur Jónsson deildarstjóri hjá umhverfis -og skipulagssviði og fulltrúi USK.

## Gagnasöfnun og vinnulag starfshópsins

Eitt af verkefnum starfshópsins var að kalla til sérfræðinga til fundar við hópinn til að miðla af þekkingu sinni og reynslu og koma þannig með víðara sjónarhorn á viðfangsefnið sem er Rauðavatn og nýtingu á svæðinu í kring. Starfshópurinn kappkostaði að fá til samstarfs aðila sem talið var að gætu lagt eitthvað til verkefnisins og nýttu einnig svæðið til útivistar. Með fundunum gafst einnig tækifæri á samtali við þá aðila sem nýta svæðið sem best og fá þeirra framtíðarsýn á svæðið. Við fundarboðun var sá háttur hafður á að þeir aðilar sem voru boðnir á fundi með hópnum voru upplýstir um tildrög og markmið verkefnisins.

Gestir starfshópsins voru:

- Anna Lísa Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur
- Hjörtur Bergstað formaður hestafélagsins Fáks

Opin íbúa fundur vegna uppbyggingar á útivistaaðstöðu við Rauðavatn var haldinn í byrjun janúar 2017 til þess að fá hugmyndir frá íbúum í nærliggjandi hverfum. Margar nýtar hugmyndir komu fram á fundinum sem hópurinn mun leggja fram sem tillögur að bættri aðstöðu íbúa að Rauðavatni.

## Vettvangsheimsóknir

Starfshópurinn fór í eina vettvangsathugun en það var söguganga um Rauðavatnssvæðið. Hópurinn gekk upp á Hádegisholt/hæð, út í Grafarsel og síðan að Rauðavatni og í kringum vatnið. Á þessari gönguleið sagði Anna Lísa frá Borgarsögusafni hópnum frá hvar helstu og skráðar minjar eru og hvar jörðin Gröf stóð og hvert hún teygði anga sína. Einnig sagði Anna Lísa hópnum frá fuglalífi svæðisins og frá tuttugu listaverkum sem eru staðsett við vatnið og upp á heiði

## Tillögur starfshópsins

Starfshópurinn tekur undir megin hugmyndir ungmennaráðsins um að koma upp meiri afþreyingu/aðstöðu við Rauðavatn.
Eftirfarandi er úrvinnsla hópsins á þeim hugmyndum.

<u>Aðkomur</u>

Skilgreina þarf aðkomur á bíl á a.m.k. tveimur stöðum og þar sé komið upp bílastæðum. Ein aðkoma með bílastæðum verði við norðurenda. Skilgreina þarf aðkomur hjólandi og gangandi og ríðandi og merkja leiðir.
Koma fyrir upplýsingaskilti við aðkomur með korti þar sem fram koma helstu upplýsingar.

Stígakerfi og bílaumferð.

Aðskilja þarf göngu- og reiðstíga eins og reyndar gert er ráð fyrir í aðalskipulagi. Æskilegt væri að skilgreina hjólaleiðir um svæðið. Skilgreina reiðleiðir og merkja, einnig reiðleið yfir frosið vatnið. Koma skikki á bílaumferð, ekki síst á vatninu þegar það er frosið.

Æskilegt væri að raflýsa meginleið umhverfis vatnið.

Útivistaraðstaða við norðurenda.

Komið verði upp meira skipulagðri útivistaraðstöðu við norðurenda vatnsins. Þar er meginaðkoma að svæðinu á bíl og hægt að koma fyrir bílastæðum við jaðar svæðisins. Þarna er líka ein af megin aðkomum inn á svæðið fyrir gangandi og hjólandi.

Þarna þyrfti að vera þjónustuhús með salernisaðstöðu og gjarnan veitingasala (kannski árstíðabundin). Einnig mætti koma upp drykkjarfonti og kannski víðar. Þarna mætti líka þjóna ýmiss konar útivistarstarfsemi s.s. fá kort af svæðinu, leigja skauta, boccia kúlur, frisbí diska, kubb spil eða annað sem tengist útivist á svæðinu. Á svæðinu væri gerð góð grasflöt sem nýta má til uppákoma. Þarna gæti einnig verið ýmiss búnaður eins og æfingatæki , klifurveggur, hengirúm/róla eins og við Ægisíðuna og grillaðastaða/bálstæði. Gerð yrði bryggja eða pallur út í vatnið sem m.a. nýttist fyrir skautaiðkun á veturna.

Æskilegt væri að gera lága hljóðmön meðfram Suðurlandsveginum á móts við útivistarsvæðið.

Ofangreinda aðstöðu telur hópurinn að ætti að vera í umsjá borgarinnar svo sem frístundamiðstöðvar í hverfinu.

Hundaeigendur.

Skilgreina hvar megi sleppa hundum lausum og koma upp aðstöðu.

Fræðsla.

Koma upp fræðsluskiltum um lífríki og sögu svæðisins. Koma fyrir útsýnisskiltum t.d. góður staður austan við hús Morgunblaðsins. Skoða mætti a setja upplýsingar á vefsíðu og/eða app.

## Fundargerðir

Starfshópurinn hefur fundað reglulega frá því í lok október 2016 og fram í miðjan febrúar 2017. Auk þess fór starfshópurinn saman í sögugöngu um Rauðavatnssvæðið með Borgarsögusafni Reykjavíkur.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem var til umræðu á hverjum fundi fyrir sig en starfshópurinn telur mikilvægt að skýrslan endurspegli þau skoðanaskipti og umræður sem áttu sér stað og eru undirstaðan að tillögum hópsins út frá tillögum Reykjavíkurráðs ungmenna.

**1. fundur**

Fulltrúi frá Reykjavíkurráði ungmenna kynnti hugmyndir að framtíðarsýn og uppbyggingu á Rauðavatnssvæðinu með tilliti til að svæðið yrði nýtt sem afþreyingarmiðstöð fyrir borgarbúa, íbúa í nærliggjandi hverfum og fyrir grunnskóla, frístunda- og félagsmiðstöðvar og leikskóla.
Ákveðið var á fyrsta fundi að gera þarfagreiningu og skoða svæðið, hvað væri í boði að framkvæma með tilliti til umhverfisins og náttúru svæðisins.

Í dag er svæðið nýtt af ólíkum hópum sem stunda útivist og starfshópurinn gerði sér strax grein fyrir því að koma þyrfti með tillögur sem þessir ólíku hópar gætu verið sáttir við.

Ákveðið var fyrir næsta fund að fá fræðslu frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og einnig var ákveðið hvaða sérfræðinga starfshópurinn vildi fá til ráðgjafa og samstarfs.

**2. fundur**

Starfshópurinn hitti Önnu Lísu Guðmundsdóttur verkefnastjóra fornminja frá Borgarsögusafni Reykjavíkur og gekk hópurinn með henni um Rauðavatnssvæðið.





**3. fundur**
Rætt var um næstu skref í þeim verkefnum sem hópnum var falið. Allir komu með sínar hugmyndir um hvernig þeir vilja sjá svæðið nýtast betur og fyrir hvern. Einnig komu tillögur fram um að takmarka hávaða frá þjóðvegi og mengun. Allir eru sammála um að gera ekki miklar breytingar á svæðinu sem munu hafa áhrif á náttúru þess.

**4. fundur**
Þessi fundur var notaður fyrir formann starfshópsins og einnig starfsmann þess til að skoða hvort við værum á réttri leið og setja tímamörk á lokaskil. Ákveðið var að boða Skátafélagið Árbúa og formann Fáks á næsta fund með hópnum til að fá þeirra sýn á svæðið og nýtingu á því.

**5. fundur**
Gestur fundarins að þessu sinni var Hjörtur Bergstað formaður Fáks. Skátafélagið Árbúar boðuðu forföll. Hjörtur sagði frá því sem Fákur er að gera fyrir Rauðavatnssvæðið en Fákur hefur notað Rauðavatnssvæðið í fimmtíu ár og hefur einnig hirt svæðið í öll þessi ár. Fákur hefur sett tíu milljónir í að setja efni í reiðstígana síðustu ár og þrifið svæðið vestan megin. Hjörtur segir að um tvö þúsund börn séu í reiðskóla á sumrin og ríði um Rauðavatnssvæðið og mikið beri á því að lítið tillit sé tekið til ungra og óreyndra knapa. Hann bendir á að hestar og hjól/mótorhjól/fjórhjól/snjósleðar til dæmis eigi ekki saman og að allir þurfi að taka tillit til hvors annars. Hjörtur leggur áherslu á að allir sem nota svæðið hvað mest, skólar, Fákur og íbúar verði að eiga samtal oftar. Fákur nýtir Rauðavatnsskóg mikið og þá grillaðstöðu sem er þar fyrir en skógurinn er illa hirtur og þarf að huga að honum.
Fundarmenn voru sammála um það að ef ætti að fara í framkvæmdir á svæðinu og bæta við t.d. frístundahúsi þá þyrfti einhver að bera ábyrgð á svæðinu, kannski að Ársel beri ábyrgð og íbúar eða skólar geti leitað til þeirra með afnot.

Ákveðið var að halda íbúafund á nýju ári til að fá fleiri hugmyndir að uppbyggingu við Rauðavatn.

**6. fundur**
Á nýju ári var haldið áfram að vinna með tillögur ungmennaráðs um uppbyggingu við Rauðvatn. Fundurinn fór í að skipuleggja íbúafund sem verður haldinn þann 17.janúar 2017 en hann verður haldinn í félagsmiðstöðinni Ársel.

**7. fundur**
Íbúafundur var haldinn í félagsmiðstöðinni Ársel og íbúa gátu komið með hugmyndir að uppbyggingu við Rauðavatn. Stórt yfirlitskort af svæðinu var til staðar og gátu íbúar merkt inn tillögur sínar. Tillögur fundarins má sjá í viðhengi nr 4 á bls 13.

**8. fundur**

Formaður starfshópsins og starfsmaður hittust til þess að fara yfir íbúafundinn og þær tillögur sem íbúar skráðu á yfirlitskortið af Rauðavatnssvæðinu. Ákveðið var að skila tillögum hópsins til SFS og ÍTR í febrúarlok 2017.

**9. fundur**

Hópurinn hittist og fór yfir lokaskýrsluna. Tímanum var varið í að vinna að athugasemdum og betrum bæta hana.

## Lokaorð

Starfshópurinn tekur undir megin tillögur ungmennaráðsins um að auka útivistarafþreyingu við Rauðavatn og gera úrbætur á stígakerfi eins og lýst er nánar í skýrslunni. Þó telur hópurinn mikilvægast að bæta aðkomuna fyrir bíla og að koma upp húsnæði með salernisaðstöðu fyrir notendur svæðisins.

Lagt er til að skýrslan verði kynnt fagnefndum þ.e. íþrótta- og tómstundaráði, skóla- og frístundaráði og umhverfis- og skipulagsráði auk hverfisráða í Árbæ og Grafarholti.

Lagt er til við sviðsstjóra ÍTR og SFS að næstu skref vinnunnar yrðu að umhverfis- og skipulagssviði væri falið að setja af stað undirbúning að gerð útivistaraðstöðu og vinna að viðbótum og lagfæringum á stígakerfinu í samræmi við tillögur hópsins og í samráði við ÍTR og SFS. Hópurinn er tilbúinn að aðstoða við slíka vinnu. Uppbyggingu má síðan vinna í áföngum eftir efnum og ástæðum.

## Viðhengi 1
## Erindisbréf starfshóps

| |
|---|
| **Heiti starfshóps:**<br>Starfshópur um uppbyggingu við Rauðavatn |
| **Ábyrgðarmaður:** Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS/Ómar Einarsson sviðsstjóri ÍTR |
| **Hlutverk:** Að skoða möguleika á afþreyingarmiðstöð/aðstöðu við Rauðavatn fyrir íbúa í aðliggjandi hverfum, sbr. tillögur fulltrúa Reykjavíkurráðs ungmenna. |
| **Helstu verkefni:**<br>• Skoða hvernig hægt er að skapa aðstöðu fyrir íbúa í Árbæjarhverfi, Norðlingaholti og Grafarvogi við Rauðvatn til að efla félagaauð og samveru í þessum borgarhluta, sérstaklega í tengslum við útvist.<br>• Leggja fram tillögur um hvernig hægt er að nýta aðstöðu og útivistarsvæðið við Rauðavatn fyrir skóla, frístunda- og félagsmiðstöðvar og hvaða úrbætur þyrfti að gera til að svo geti orðið.<br>• Skoða samstarfsmöguleika aðila innan hverfis/borgarhluta til að aðstaða við Rauðavatn geti sem best nýst íbúum í borgarhlutanum. |
| **Fulltrúar í starfshópi:**<br>Fulltrúi ÍTR: Guðrún Arna Gylfadóttir<br>Fulltrúi USK: Þórólfur Jónsson (ath. Björn Ingi kallaður inn í samráð)<br>Fulltrúi Ungmennaráðs Árbæjar/Grafarholts/Norðlingaholts: Sindri?<br>Fulltrúi Skátafélagsins Árbúa:Valborg?<br>Fulltrúi íþróttafélagsins Fylkis: Árni Jónsson.<br>Fulltrúi Frístundamiðstöðvarinnar Ársels: Jóhannes Guðlaugsson<br>Fulltrúi þjónustumiðstöðvar í Árbæ, Grafarholt og Norðlingaholt: Arna Hrönn |
| **Formaður starfshóps:**<br>Jóhannes Guðlaugsson |
| **Starfsmaður:**<br>Frístundaráðgjafi þjónustumiðstöðvar í Árbæ, Grafarholt og Norðlingaholt: Arna Hrönn |
| **Ráðgjöf / samstarf:**<br>Starfsmenn borgarinnar og aðrir sem hópurinn telur þörf á. |
| **Starfstímabil:** September til desember 2016 |
| **Lokaskil:** Tillögum og skýrslu skilað í desember 2016 til SFS, ÍTR og Reykjavíkurráðs ungmenna. |
| |

## Viðhengi 2

**Opinn fundur um uppbyggingu útivistasvæðis við Rauðavatn.**

Þriðjudaginn 17. janúar verður opinn fundur um tillögu ungmennaráðs Árbæjar og Grafarholts varðandi uppbyggingu útivistarsvæðis við Rauðavatn.

Fundurinn verður í frístundamiðstöðinni Árseli kl. 20:00.

Frummælandi tillögu ungmennaráðs, Sindri Smárason, mun segja frá tillögunni.

Markmiðið með fundinum er að skapa umræður um uppbygginguna á svæðinu auk þess að setja niður hugmyndir að skipulagi svæðisins.

Starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar var falið að vinna með tillögu ungmennaráðsins og mun taka saman hugmyndir og tillögur að uppbyggingu svæðisins.

**Dagskrá:**

Sindri Smárason, Ungmennaráðs Árbæjar og Grafarholts, segir frá tillögu sinni.

Jóhannes Guðlaugsson segir frá vinnu starfshóps um málefnið.

Framsaga aðila innan hverfis (Fulltrúi Fylkis, Fáks og Skáta)

Umræður á borðum og hugmyndavinna.

Fyrir hönd starfshóps á vegum Reykjavíkurborgar

Jóhannes Guðlaugsson, formaður hópsins.

# Viðhengi 3

8.2.2017
























## Viðhengi 4

Opin fundur vegna uppbyggingu á útivistaaðstöðu við Rauðavatn.

Fundur haldinn 17.janúar kl. 20:00 í Árseli

Sindri Smárason fulltrúi ungmennaráðs í hverfinu sagði frá tillögu sinni að uppbyggingu útivistaaðstöðu við Rauðavatn.

Arna Hrönn Aradóttir og Jóhannes Guðlaugsson sögðu frá vinnu hópsins.

Hjörtur, fyrir hönd hestamanna, sagði frá aðkomu og uppbyggingu hestamanna að svæðinu. Einnig sagði hann stutt frá því í sögulegu samhengi.

Umræður:

- Rætt var um mikilvægi þess að reiðleiðin væri sér og göngu og hjólastígar væru sér. Vísað var á og bent á starfandi „Stóra reiðvega nefndin".
- Mikilvægt að tengja betur Grafarholtið.
- Rætt um hvernig skerma eigi af þjóðvegin frá vatninu eða hvort það ætti að gera, skiptar skoðanir.
- Bent var á að vatnið hefði svokallað „hangandi vatnsborð". Skoða ætti möguleikann á að halda því stöðugu.
- Fákur skefur vatnið svo hægt væri að ríða á ísilögðu vatninu (reiðstíga), bent var á að hægt væri (og það hafi verið gert) að skafa fyrir skautasvelli.
- Austan við Moggahúsið er frábær möguleiki á útsýnisskífu.
- Lýsa þarf upp austurhluta stíganna við vatnið og jafnvel allann hringinn.
- Gera mætti bílagerði svo bílar komist ekki inn með vatninu nema þeir sem þurfa þess.
- Skoða mætti app, upplýsingaskylti um plöntur, fugla ofl. við vatnið.
- Skoða mætti að hafa hundagerði.
- Við útivistasvæðið þar sem komið er að vatninu mætti vera upplýsingaskífa um gerð stíga, lengd og stígar væru merktri í samræmi. Td: Göngustígar, hjólastígar, reiðstígar, hvar má ganga með hunda osfrv.

Fundi slitið 9:12

**Viðhengi 5**

Yfirlitskort af Rauðavatnsvæðinu

